

Ár 2019, mánudaginn 4. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Sigurði Inga Halldórssyni og Gunnari Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2019:

Hjörtur Örn Eysteinnsson
gegn
Úlfi Arnari Jökulssyni

Gögn málsins merkt nr. 1 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Hjörtur Örn Eysteinnsson, kt. 150182-4259
Rofabæ 23
110 Reykjavík

Kærði:

Úlfur Arnar Jökulsson, kt. 161283-4289
Sandavaði 9
110 Reykjavík

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 28. febrúar sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að kærði verði úrskurðaður í 5 leikja bann frá þátttöku í mótum á vegum Knattspyrnusambands Íslands, að kærði verði ávíttur af knattspyrnusambandinu og að kærði verði úrskurðaður til greiðslu sektar að fjárhæð 50.000 kr.

Til vara er þess krafist að kærði verði úrskurðaður í hámarksbann sem lög og reglur knattspyrnusambandsins leyfa og til greiðslu hámarkssektar samkvæmt lögum og reglum sambandsins

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að hann hafi verið dómari í leik Fjölnis/Vængja og Fylkis/Elliða í 2. flokki karla, A-liða, í Reykjavíkurmótinu, sem fram fór þann 25. febrúar 2019. Þegar langt var liðið á síðari hálfleik í umræddum leik hafi kærði, sem var einn þjálfara Fjölnis/Vængja, fengið brottvísun fyrir orðbragð í garð dómara

leiksins (þ.e. kæranda). Hafi kærði verið ógnandi í hegðun og látbragði gagnvart kæranda og haldið áfram orðbragði í garð dómara eftir brottvísun á leið sinni frá leikvellingum.

IV.

Niðurstaða:

Eftir að kæra hefur borist á skrifstofu KSÍ, skal samkvæmt gr. 7.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, tekið til skoðunar hvort nokkrir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar áður en málið er tekið til efnismeðferðar á fundi aga- og úrskurðarnefndar.

Samkvæmt gr. 7.1 í fyrrgreindri reglugerð hefur einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

Í málinu liggur fyrir að kærandi var dómari í umræddum leik og hefur beint kæru sinni gegn þjálfara liðs sem fékk brottvísun í leiknum og krefst þess að hann verði dæmdur til tiltekinnar refsingar vegna þeirrar brottvísunar.

Ekki verður talið að kærandi hafi hagsmuni af meintu broti kærða og því séu skilyrði gr. 7.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ekki uppfyllt. Þegar af þeirri ástæðu ber að vísa kærunni frá án þess að taka hana til efnislegrar umfjöllunar á vettvangi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Sigurður Ingi Halldórsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]